

88.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 6.október 2015 kl. 18:15

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigrún Elva Briem, Sigurður Magnússon og Páll Árdal. Fjarverandi er Helgi Stefánsson.

Formaður hafði tekið saman öll erindi sem nefndin hafði sent frá sér ásamt svörum við þeim og afhent stjórnarmönnum, fyrir fundinn. Tímabilið var frá fundi nr. 76 þann 13.maí 2014 til 83.fundargerðar 3.mars 2015.

1. Fundargerðir

Nefndin hafði lesið yfir erindin og svörin við þeim. Mörg erindin voru afgreidd og síðan voru nokkur sem nefndin vildi halda áfram með en áður en það yrði gert var óskað eftir að fá lengri tíma til að skoða í umhverfinu okkar hvort erindin hafi skilað sér og ákvað nefndin að stefna á gönguferð fimmtudaginn 22.okt um hverfið okkar.

2. Umhverfisfé

Alltaf þessi sígilda spurning sem kemur upp á haustin, hvað er mikið fé eftir af umhverfisfé Akureyrarbæjar til hverfisnefnda. Farið var yfir listann okkar yfir verkefni til þessarar úthlutunar. Uppsetning frisby vallar, bekki og borð í Seljahlíðargarðinn, Bekki og borð í Kvenfélagsreitinn, Skilti vegna gamalla húsa og blakvöllur í hverfið. Þann 2.október var Jóni Birgi, Framkvæmdarmiðstöð, sendur tölvupóstur þar sem beðið var um stöðu hverfisnefndarinnar og barst okkur svar þann 7.október að kostnaður við að setja niður frisby völlinn hefði verið kr. 711.129 og er því kr.1.288.871 eftir. Búið er að óska eftir einu skilti vegna gamalla húsa við okkur og settum við það verkefni í gang. Þá eru eftir bekkir og borð í útivistarreiti hverfisins og blakvöllur.

3. Frisby völlurinn

Í sumar var frisby völlurinn settur upp sem hverfisnefndin vill þakka framkvæmdardeild fyrir að hafa klárað fyrir Unglingalandsmót U.M.F.Í. Samkvæmt Jóni Birgi hafa nú þegar verið færðar til 2 körfur eftir að völlurinn var settur niður og vellinum þar með breytt. Skiltið sem sett var til að lýsa leið vallarins er því ógilt og setja þarf nýtt. Hverfisnefnd ætlar sér að kynna sér þennan völl betur og koma með nánari athugasemdir eftir göngutúrinn 22.okt.

4. Kvenfélagsreiturinn og Seljahlíðarvöllur

Í þessa tvo útivistarreiti hverfisins langar okkur að setja upp grillaðstöðu með tilheyrandi bekkjum og borðum svo íbúar hverfisins geti gert sér glaðan dag og notið útivistarinnar í hverfinu sínu. Í dag er komið grill í Seljahlíðarvöllinn og bekkir eru í báðum görðum en við viljum gera betur og höfum fundið grill og bekki sem okkur langar að bera upp við framkvæmdardeildina hvort setja megi í þessa reiti. Nánari útlitun á grillunum er í höndum Helga og þar sem hann er fjarverandi þennan fund, geymist þessi umræða til næsta fundar.

5. Skólaráð Glerárskóla

Sigrún Elva Briem er fulltrúi hverfisnefndar í skólaráði Glerárskóla og óskaði hún eftir varamanni fyrir sig í skólaráðið. Samþykkti Sigurður að vera varamaður og ætlar Sigrún að koma því áleiðis til skólaráðs.

6. Umhverfisráð Glerárskóla

Formaður kom með uppástungu um að fá afrit af fundarskrá umhverfisráðs Glerárskóla þar sem þessar tvær nefndir eru að vinna að sama hlutnum, umhverfi Holta og Hlíðahverfis. Svo vel vildi til að Elín formaður umhverfisráðs Glerárskóla kom á fundarstað og leist henni vel á hugmyndina. Formaður mun senda Elínu formlega beiðni í tölvupósti.

7. Göngustígur meðfram Glerá

Nú þegar hausta tekur og myrkrið verður meira og meira kemur berlega í ljós að lítil lýsing er á göngustígnum meðfram Gleránni. Vill hverfisnefnd fara þess á leit við Akureyrarkaupstað að fleiri ljós verði sett á þessa vinsælu gönguleið.

8. Undirhlíð

Formaður lagði fram stóra teikningu af deiluskipulagsbreytingu að Undirhlíð 1 og bar undir nefndarmenn. Samþykkt er einróma að breytingin verði til góðs fyrir hverfið og hefur hverfisnefnd ekkert við hana að athuga.

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3.nóvember kl.18:15 í Glerárskóla

Farið verður gönguferð 22.október n.k. kl.20:00 frá Bónus og gengið

Skarðshlíðarhringinn. Allir velkomnir sem vilja ganga með nefndinni.